



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

Hugleiðingar um siðareglur

Hvernig gagnast siðareglur Blaðamannafélags Íslands
félagsmönnum sínum?

Bryndís Lilja Gísladóttir

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2021

Hugleiðingar um siðareglur

Hvernig gagnast siðareglur Blaðamannafélags Íslands
félagsmönnum sínum?

Bryndís Lilja Gísladóttir

Sex eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Baccalaureus Artium-prófi í félagsvísindum

Leiðbeinandi
Sigurður Kristinsson

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, 10. maí 2021

Titill: Hugleiðingar um siðareglur – Hvernig gagnast siðareglur Blaðamannafélags Íslands félagsmönnum sínum?

Stuttur titill: Hugleiðingar um siðareglur.

Sex eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Artium-prófi í félagsvísindum.

Höfundarréttur © 2021 Bryndís Lilja Gísladóttir

Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurlóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Bryndís Lilja Gísladóttir, 2021, bakkalárprófsverkefni, félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 42 bls.

Prentun: Ásprent Prentmet Oddi

Akureyri, 10. maí, 2021

Ágrip

Tilgangur þessarar rannsóknar er að fara yfir sögu siðareglna Blaðamannafélags Íslands og ákvarða hvort þær gagnist fyrir þá sem eiga að fara eftir þeim. Farið verður yfir sögu þeirra; fyrri tilraunir til breytinga og af hverju þær tilraunir tókust ekki. Alþjóðlegar siðareglur verða skoðaðar, til dæmis frá *Society of Professional Journalists* og *Ethical Journalism Network*. Siðareglur Ríkisútvarpsins, sem starfsmenn stofnunarinnar þurfa að fylgja, verða skoðaðar í þessu samhengi og eru þær ítarlegri en siðareglur Blaðamannafélagsins.

Farið er yfir starfstengda fagmennsku (e. occupational professionalism) og stofnanatengda fagmennsku (e. organisational professionalism). Starfstengd fagmennska lýsir þeim faglegu væntingum og viðmiðum sem fagfólk setur sér sjálft. Starfstengd fagmennska er einnig það traust sem ætti að ríkja innan fagstétta og á milli fagfólks. Stofnanatengd fagmennska er sú fagmennska sem búist er við af fagfólki, til dæmis frá yfirmönnum og stjórnendum fjölmiðlafyrirtækja. Þá tengist ábyrgð og reglufylgni stofnanatengdri fagmennsku.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að siðareglur Blaðamannafélags Íslands séu vissulega gagnlegar en aðeins ef félagsmenn eru sammála um gildi þeirra. Reglurnar eru einfaldar og skýrar og þannig er ólíklegt að blaða- og fréttamenn misskilji þær. Ef þeir sem starfa í blaða- og fréttamennsku hér á landi starfa eftir eigin sannfæringu og fagmennsku starfs síns eiga núverandi reglur Blaðamannafélagsins að vera fullnægjandi.

Abstract

The purpose of this research paper is to review the history of the Icelandic Journalists' association's code of ethics and determine whether it is useful for those who are expected to use it. Their history will be looked into; previous attempts at changing them and why those attempts failed. International codes of ethics will also be looked into, for example from the *Society of Professional Journalists* and *Ethical Journalism Network*. Iceland's national broadcasting service has a code of ethics that will also be reviewed in context with the others. They are more detailed than the code of ethics of the Icelandic Journalists' association and are the ones that employees of the national broadcasting service must follow.

Occupational and organizational professionalism will also be covered. The difference is that the former is the professional practices that professionals set for themselves. Occupational professionalism is also linked to the trust that should be within professional groups. The latter is the professionalism expected of professionals from their superiors. It is also linked to the responsibility and compliance expected within organizational professionalism.

The main results are that the code of ethics of the Icelandic Journalists association is in fact useful and detailed enough, but only if members of the association agree on their value. The rules are simple and clear, so it is unlikely that journalists will misunderstand them. If those who work in journalism in Iceland work according to their own convictions, the current rules of the Icelandic Journalists Association will suffice as they are.

Ég þakka leiðbeinanda mínum Sigurði Kristinssyni fyrir alla góðu leiðsögnina í vetur.

Einnig þakka ég viðmælendum mínum, Birgi Guðmundssyni, Friðriki Þór Guðmundssyni og Aðalsteini Kjartanssyni, fyrir þátttöku þeirra í verkefninu.

Síðast en ekki síst þakka ég yfirlesurum ritgerðarinnar, mömmu minni og systur, fyrir alla hjálpina og þolinmæðina; og manningum mínum Óla Val Péturssyni. Takk fyrir að styðja alltaf við bakið á mér og takk fyrir að vera almennt bestur.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefnið mitt til BA-gráðu í Fjölmiðlafræði frá Háskólanum á Akureyri. Vorið 2018 var ég afskaplega ákveðin í að drífa mig loksins í háskólanám. Á þeim tíma bjó ég í Kaupmannahöfn og sótti upprunalega um í *Film- og medievidenskab* við Kaupmannahafnarháskóla. Þar komst ég ekki inn en mér þótti ágætur kostur að stunda fjarnám í fjölmiðlafræði frá Háskólanum á Akureyri. Námið á Akureyri er um margt ólíkt náminu í Kaupmannahafnarháskóla en í náminu á Akureyri er mikil áhersla lögð á félagsfræði. Mér er ekki bara blaðamennska hugleikin, heldur einnig kynja- og mannfræði þannig það hentaði mér ágætlega. Fyrsta staðnámslotan mín var svo stórkostlega skemmtileg að ég ákvað að flytja til Akureyrar. Það er líklega ein besta ákvörðun sem ég hef tekið enda er Akureyri fullkominn staður til að búa á.

Ég hef hugsað mikið um ritgerðarefnið, siðareglur Blaðamannafélags Íslands. Þegar ég las þær fyrst yfir fannst mér þær heldur lítilfjörlegar og fannst sérstakt að blaðamenn hefðu ekki ítarlegri vinnureglur. Ég komst hins vegar að því að það eru innanhússreglur fjölmiðlanna sem sjá um það og að siðareglur Blaðamannafélagsins eru sameign allra blaðamanna, burtséð frá því á hvaða miðli þeir starfa. Það var mjög gaman að rýna í sögu þeirra og sjá af hverju þær eru enn umdeildar. Ég vona að fljótlega komist niðurstaða í það mál og að félagsmenn Blaðamannafélags Íslands geti komið sér saman um siðareglur sem allir eru sáttir við.

Ég vil þakka Háskólanum á Akureyri fyrir þrjú stórkostleg ár og ég bölvá COVID-19 fyrir áhrifin sem faraldurinn hefur haft á nær helming námsins. Mér er ekki vorkunn enda er ég þeirrar gæfu aðnjótandi að búa með einum samnemanda mínum hér á Akureyri en ég er einnig í góðu sambandi við aðra samnemendur, sem ég bý þó ekki með. Kennarar mínir og leiðbeinandi hafa staðið sig frábærlega og ég geng sátt og þakklát frá borði.

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| MYNDAYFIRLIT..... | IX |
| 1. INNGANGUR | 1 |
| 2. HVAÐ ERU SIÐAREGLUR OG Í HVAÐA TILGANGI ERU ÞÆR NOTAÐAR? | 3 |
| 3. NOKKUR DÆMI UM SIÐAREGLUR | 5 |
| 3.1 SIÐAREGLUR BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS | 5 |
| 3.2 SIÐAREGLUR RÍKISÚTVARPSINS | 7 |
| 3.4 SOCIETY OF PROFESSIONAL JOURNALISTS..... | 9 |
| 3.5 ETHICAL JOURNALISM NETWORK | 10 |
| 3.3 ALÞJÓÐLEGA BLAÐAMANNASAMBANDIÐ | 10 |
| 4. AF FAGMENNSKU | 13 |
| 5. VIÐTALSRANNSÓKN..... | 17 |
| 5.1 „TÚLKUNIN SKIPTIR MÁLI“ – BIRGIR GUÐMUNDSSON | 17 |
| 5.2 „ÞAÐ ER ÁGÆTT AÐ ÞETTA SÉ EKKI GEIRNEGLT NIÐUR“ – FRÍÐRIK ÞÓR GUÐMUNDSSON..... | 20 |
| 5.3 „ENGAR BREYTINGAR ÁN SAMSTÖÐU“ - AÐALSTEINN KJARTANSSON | 22 |
| 6. UMRÆÐUR..... | 25 |
| HEIMILDIR..... | 29 |
| VIÐAUKAR | 33 |
| VIÐAUKI 1 – NÚGILDANDI SIÐAREGLUR BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS (1991) | 33 |
| VIÐAUKI 2 – TILLÖGUR FYRRI ENDURSKOÐUNARNEFNDAR (2005) | 35 |
| VIÐAUKI 3 – TILLÖGUR SEINNI ENDURSKOÐUNARNEFNDAR (2012)..... | 37 |
| VIÐAUKI 4 – TILLÖGUR HÓPS ÞRJÁTÍU OG EINS BLAÐAMANNS (2012)..... | 40 |

Myndayfirlit

Mynd 1: Tímalína af sögu siðareglna Blaðamannafélagsins.....7

1. Inngangur

Í bók sinni *Þjáningarfrelsið* (2018, bls. 171-173) veltir Bára Huld Beck fyrir sér siðareglum Blaðamannafélags Íslands. Þar nefnir hún að í samfélagi manna eru iðulega reglur sem farið er eftir, einskonar samfélagssáttmáli. Hinar ýmsu starfsstéttir mynda sér slíka sáttmála eða siðareglur til að skýra hlutverk sitt og setja almennar reglur sem hægt er að líta til. Það er gott að hafa reglur til að vísa í og styðjast við þegar rökstyðja þarf ákvarðanir. Í tilfalli Blaðamannafélags Íslands hafa siðareglur félagsins verið umdeildar og nokkrum sinnum hafa verið gerðar tilraunir til að breyta þeim. Vert er að spyrja hver tilgangur slíkra reglna sé ef þær eru umdeildar og félagsmenn Blaðamannafélagsins ekki einhuga um þær. Megintilgangur reglnanna ætti að vera að gefa viðmið um vinnulag og vísa blaðamönnum í rétta átt ef þeir lenda í krefjandi aðstæðum. Nokkrir hafa bent á kosti þess að hafa siðareglurnar ítarlegri, þá yrðu fyrirmæli um fagleg og siðleg vinnubrögð skýrari. Hinsvegar ef reglurnar yrðu ítarlegri þá gæti myndast það vandamál að hegðun sé réttlætt út frá því að hún er ekki beinlínis bönnuð.

Megintilgangur þessarar rannsóknar er að skoða siðareglur Blaðamannafélags Íslands og velta fyrir sér hvort þær gagnist fyrir þá sem eiga að fara eftir þeim. Reglurnar verða bornar saman við reglur annarra fagfélaga blaðamanna og einnig innanhússreglur Ríkisútvarpsins. Rannsóknarspurningin er hvort að siðareglur Blaðamannafélags Íslands gagnist fyrir þá sem eiga að fara eftir þeim. Til að svara kenni verða siðareglur skoðaðar, siðareglur blaðamanna sérstaklega og þá fagfélaga og fyrirtækja. Farið verður yfir sögu tilrauna til að breyta siðareglum Blaðamannafélags Íslands og af hverju þær tilraunir heppnuðust ekki á seinni árum. Að lokum er rætt við þrjá einstaklinga sem hafa starfað sem blaðamenn og eru tveir þeirra háskólakennarar í Fjölmiðlafræði. Þeir eru Dr. Birgir Guðmundsson, Friðrik Þór Guðmundsson og Aðalsteinn Kjartansson. Innsæi þeirra verður notað til að svara rannsóknarspurningunni, hvort að siðareglur Blaðamannafélagsins gagnist fyrir þá sem eiga að fara eftir þeim.

2. Hvað eru siðareglur og í hvaða tilgangi eru þær notaðar?

Í einföldu máli eru siðareglur þær reglur sem segja til um það hvernig fólk eigi að haga sér. Flestar starfsstéttir setja sér siðareglur til að skilgreina sína siðferðislegu ábyrgð. Það er svo eitt af meginþekkingum siðmenningar að fólk skipti með sér þeim verkum sem eru nauðsynleg svo að samfélagið virki sem skyldi. Ábyrgð fólks er þó ekki eingöngu við starf sitt en þessi sérhæfing atvinnulífsins ræður miklu um tengsl fólks og afstöðu þess til hvers annars (Sigurður Kristinsson, 1991, bls. 17-18).

Sérhver einstaklingur tekur almennar siðferðisskyldur sínar með sér í starf sitt og vinnur vonandi starf sitt án þess að bregðast þeim. Það að taka að sér ákveðin störf felur í sér skuldbindingu um að þjóna þeim tilgangi sem starfið hefur í þjóðfélaginu. Sem meðlimur starfsstéttar hefur einstaklingur *brýnustu skyldur og faglegar dygðir*. Brýnustu skyldur starfsins eru starfsskyldur sem fylgja óhjákvæmilega með og ef einstaklingur sinnir þeim ekki er hann einfaldlega ekki að sinna starfinu. Faglegar dygðir teljast svo til þess hvernig einstaklingur velur að sinna starfi sínu og hversu fær hann telst vera til þess (Sigurður Kristinsson, 1991, bls. 19-21).

Fagfélög setja sér siðareglur og skrásetja þær meðal annars til þess að auðvelt sé að brýna fyrir fólki hverjar skyldur fagstéttarinnar eru. Það á bæði við um þá sem starfa innan stéttarinnar og þá sem starfa fyrir utan hana. Það er ætlast til þess að starfsmenn tileinki sér siðareglur starfs síns og hafi þær að leiðarljósi. Þá geta þær verið leiðarljós sem hjálpar starfsfólki í siðferðilegum álitamálum og taki af allan vafa. Skráðar siðareglur geta aukið á samheldni fagstéttar. Reglurnar gera alla félagsmenn ábyrga og eru sameign þeirra. Þá verði félagsmenn að vera tilbúnir til að ræða og breyta siðareglum sínum í takt við breytta tíma og hvernig þær reynast. Þannig geta siðareglur ýtt undir ábyrgðartilfinningu félagsmanna gagnvart reglunum, starfinu og félögum þeirra. Skráning siðareglna hvetur til samvinnu og góðra samskipta sem og vandvirkni við störf, en samvinna eykur oft líkurnar á að verk séu vel unnin (Sigurður Kristinsson, 1991, bls. 33-34).

3. Nokkur dæmi um siðareglur

Til að átta sig á siðareglum og tilgangi þeirra í lífi blaðamanna er tilvalið að fara yfir siðareglur Blaðamannafélags Íslands. Einnig er farið yfir siðareglur Ríkisútvarpsins sem dæmi um siðareglur fyrirtækis en þær hafa verið til umræðu árið 2020 og 2021 vegna þriðju greinar þeirra sem er nokkuð umdeild. Þá er tekið dæmi um siðareglur fagfélags sem eru töluvert ítarlegri en siðareglur Blaðamannafélags Íslands en það eru siðareglur *Society of Professional Journalists*, félag Bandarískra blaðamanna. Einnig verða siðareglur Alþjóðlega blaðamannasambandsins teknar fyrir, og *Ethical Journalism Network* sem er félags fjölmiðlafræðinga. Tilgangurinn er að sjá hvernig siðareglur eru annarsstaðar og hvort að siðareglur Blaðamannafélagsins séu almennt of ítlarlegar eða of almennar.

3.1 Siðareglur Blaðamannafélags Íslands

Siðareglur Blaðamannafélags Íslands eru upprunalega frá árinu 1965. Reglurnar eru í sex greinum og voru síðast uppfærðar árið 1991 (Bára Huld Beck, bls. 171, 2018).

Í formála þeirra er sett fram sú meginregla að allir blaðamenn eigi að hafa grundvallarreglur mannlegra samskipta í fyrirrúmi, sem og rétt almennings til upplýsinga, tjáningarfrelsis og gagnrýni. Fyrstu grein þeirra er ætlað að standa vörð um heiður, virðingu og hagsmuni blaðamannastéttarinnar og að ekki megi kasta rýrð á störf hennar. Blaðamenn eigi að sýna drengskap í samskiptum við hvern annan. Önnur grein gerir blaðamönnum ljóst að þeir eigi að bera persónulega ábyrgð á öllu sem þeir skrifa og að litið sé á þá sem blaðamenn þó að þeir komi fram utan síns eiginlega starfssviðs. Þá eiga blaðamenn að virða nauðsynlegan trúnað við heimildarmenn sína, sem gert er ráð fyrir í lögum um fjölmiðla nr. 38/2011. Þriðja grein leggur á blaðamenn að vanda upplýsingaöflun sína, sem og úrvinnslu og framsetningu. Þá eiga þeir að sýna fyllstu tillitssemi í vandasömum málum og forðast allt sem geti valdið saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu. Fjórða grein fjallar um að blaðamenn megi ekki þiggja mútur eða hafa í hótunum vegna birtingar efnis. Það þykir mjög alvarlegt brot. Blaðamenn eiga að hafa í huga hvenær almennt öryggi eða sérstakir hagsmunir


almennings krefjist nafnbirtingar. Þá eiga blaðamenn að hafa í huga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans er sönnuð. Fimmta grein varar blaðamenn við að lenda í hagsmunaágreiningi, til dæmis með því að flytja fréttir af fyrirtækjum eða hagsmunasamtökum sem þeir eiga sjálfir aðild að. Forgangsatíði blaðamanna er að gæta hagsmuna lesenda og sóma blaðamannastéttarinnar í hverju því sem þeir taka sér fyrir hendur í nafni starfs síns. Sjötta og síðasta grein fjallar svo um siðanefnd Blaðamannafélags Íslands og hvernig sú nefnd tekur fyrir mál sem koma inn á hennar borð. Í sjöttu grein er meðal annars sagt að refsingar við brotum á siðareglum séu þær að viðkomandi fjölmiðill eða blaðamenn þurfi að birta dóm siðanefndar opinberlega og að úrskurði Siðanefndar verði ekki áfrýjað (Siðareglur Blaðamannafélags Íslands, e.d., sjá viðauki 1).

Siðareglum Blaðamannafélagsins hefur verið breytt nokkrum sinnum. Í grunninn fjalla þær alltaf um það sama en breytast með tíðarandanum, aukinni fagmennsku og gjörbreyttu fjölmiðlaumhverfi. Fyrsta útgáfa siðareglanna frá 1965 stóð óbreytt í tuttugu ár. Sú útgáfa reglnanna lagði áherslu á að blaðamenn skyldu sýna starfi sínu og samstarfsmönnum virðingu, taka persónulega ábyrgð og virða trúnað við heimildarmenn sína. Þá áttu blaðamenn ekki að valda óþarfa sársauka þá sem nú, ekki sækja upplýsingar sínar með mútum, gæta að hagsmunum almennings í alvarlegum málum og hafa í huga að allir eru saklausir uns sekt þeirra er sönnuð. Árið 1985 var ákvæðum um vandvirkni í upplýsingaöflun bætt við, sem og að varast hagsmunaárekstra, gæta hagsmuna lesenda, hafa sannfæringu sína að leiðarljósi og að hafa skýr skil milli auglýsinga og ritstjórnarefnis. Næstu breytingar urðu árið 1988 þar sem bætt var við reglurnar ákvæði um tjáningarfrelsi blaðamanna. Skrif þeirra undir eigin nafni í afmarkað ritstjórnarefni eru ekki kæránleg til siðanefndar. Árið 1991 voru breytingar gerðar á sjötta ákvæði reglnanna. Tímarammi var settur á en samkvæmt sjöttu grein hefur kærandi tvo mánuði til að tilkynna mögulegt brot til siðanefndar. Þá voru einnig sett inn ákvæði um að siðanefnd taki ekki mál til umfjöllunar sem eru fyrir dómstólum (Friðrik Þór Guðmundsson, 2015).

Þrátt fyrir allar þessar breytingar á reglunum á árunum 1985 til 1991 teljast núgildandi siðareglur af fæstum hvorki skýrar né vel upp settar (Friðrik Þór Guðmundsson, 2015). Árið 2005 hófst ný umræða um endurskoðun siðareglanna. Blaðamannafélagið setti á fót svokallaða endurskoðunarnefnd sem fékk það hlutverk að endurskoða reglurnar. Í nefndinni voru þau Birgir Guðmundsson, Valgerður Jóhannsdóttir og Þór Jónsson. Nefndin lagði ekki til róttækar breytingar en tillögur nefndarinnar voru á allan hátt byggðar á gildandi reglum (sjá viðauki 2).

Efnisatriðum var stillt betur upp. Ákvæðin áttu enn að vera fá og opin fyrir túlkunum og breyttum tíðaranda. Erfitt reyndist að sannfæra félagamannafélagsins um ágæti tillagna endurskoðunarnefndarinnar. Sumir vildu sjá efnismeiri siðareglur með áherslum sem þekktust erlendis á meðan aðrir vildu takmarka siðareglurnar að mestu leyti við atriði eins og ritstuld og hagsmunaárekstra. Þá vildi síðarnefndi hópurinn sleppa huglægum atriðum eins og tillitssemi eða því að valda óþarfa sársauka. Að endingu var öllum breytingartillögum frestað um sinn (Friðrik Þór Guðmundsson, 2015).

Árið 2012 var önnur endurskoðunarnefnd sett á laggirnar. Síðan þá hafa umræddar nefndir verið kallaðar fyrri endurskoðunarnefnd og seinni endurskoðunarnefnd. Tillögur seinni nefndarinnar voru nokkuð ítarlegri og stjórn Bláamannafélagsins tók undir þær tillögur sem settar voru fram (sjá viðauki 3). Þá brást hópur þrjátíu og eins blaðamanns við og skiluðu frá sér tillögum að einfaldari siðareglum (sjá viðauki 4). Ágreiningur seinni endurskoðunarnefndarinnar við hópin þrjátíu og einn leiddi til þess að skipuð var sáttarnefnd. Nefndin kom aldrei saman og síðan þá hafa siðareglur Bláamannafélags Íslands staðið eins og þær voru settar fram árið 1991 (Friðrik Þór Guðmundsson, 2015).



Mynd 1 - tímalína af sögu siðareglna Bláamannafélagsins

3.2 Siðareglur Ríkisútvarpsins

Siðareglur Ríkisútvarpsins eru dæmi um siðareglur eða innanhússreglur fyrirtækis. Þær þykja ítarlegar og eiga að stuðla að faglegum vinnubrögðum, draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og auka traust almennings á stofnuninni (Siðareglur Ríkisútvarpsins, e.d.).

Í formála siðareglanna kemur fram að Ríkisútvarpið setur starfsfólki sínu siðareglur vegna þess að stofnunin er ein mikilvægasta menningar- og lýðræðisstofnun landsins og hefur í ljósi þess ákveðnum skyldum að gegna. Markmið Ríkisútvarpsins er að stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni í íslensku samfélagi með fjölmiðlaþjónustu í almannabágu. Fyrsta reglan fjallar um vinnubrögð og markmið starfsfólksins en það á að vinna starf sitt á grundvelli laga um Ríkisútvarpið og stefnu þess. Þá á starfsfólk að vera til fyrirmyndar hvað varðar gæði og fagleg vinnubrögð og gegna störfum sínum af metnaði, heiðarleika og virðingu. Önnur regla fjallar um háttsemi og framkomu en starfsfólk á ekki að grafa undan trúverðugleika Ríkisútvarpsins með ámælisverðri framkomu eða skeytingarleysi. Starfsfólk verður að virða trúnað um málefni vinnustaðarins bæði innan hans og utan. Starfsfólk má hvorki mismuna né hvetja til fordóma, til dæmis á grundvelli kynþáttar, kyns, kynhneigðar, þjóðernis eða trúarbragða. Þriðja reglan fjallar um hagsmunatengsl og hagsmunaárekstra. Eðlilega á starfsfólk að forðast slíkt en gera yfirmönnum grein fyrir mögulegum árekstrum. Þá verður starfsfólk að bera undir næsta yfirmann ef það hyggst starfa utan Ríkisútvarpsins, til dæmis við að taka þátt í auglýsingum eða almannatengslastarfi fyrir aðra aðila. Undir þriðju regluna fellur umdeildur viðauki sem segir að *starfsfólk sem sinnir umfjöllun um fréttir og fréttatengdu efni má ekki taka opinbera afstöðu og ekki taka þátt í umræðu um pólitísk málefni eða umdeild mál í þjóðfélagsumræðunni, þar með talið á samfélagsmiðlum*. Fjórða siðaregla Ríkisútvarpsins fjallar um samskipti á vinnustað en starfsfólk á að hjálpast að við að gera stofnunina að fyrirmyndar vinnustað þar sem samskipti eru hreinskilin og vinsamleg. Þá á starfsfólk að sýna hvert öðru stuðning. Fimmta reglan kemur svo að eftirfylgni og viðbrögðum við brotum á umræddum siðareglum (Siðareglur Ríkisútvarpsins, e.d.)

Innan Ríkisútvarpsins starfar sérstök siðanefnd, á móta þeirri sem starfar hjá Bláðamannafélagi Íslands. Nefndin tekur við tilkynningum um brot á siðareglum og sker úr um hvort raunverulegt brot hafi átt sér stað. Öllum er frjálst að senda siðanefndinni erindi en hún refsar ekki fyrir brot heldur ákveður aðeins hvort brot hafi verið framið. Þá er niðurstaða siðanefndar Ríkisútvarpsins endanleg og að ekki er hægt að áfrýja henni. Auk þessara fimm ofangreindu siðareglna Ríkisútvarpsins eru sérstakar reglur um siðanefnd stofnunarinnar. Þær eru níu og þar kemur fram hvernig störfum nefndarinnar skuli háttað. Þar kemur meðal annars fram að nefndin eigi að gæta að hlutlægni og vandaðri málsmeðferð í störfum sínum. Nefndin samanstendur af þremur einstaklingum þar sem einn er skipaður af útvarpsstjóra, einn af

Starfsmannasamtökum Ríkisútvarpsins og einn af Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. Siðanefndin vísar frá málum sem snerta ekki siðareglur Ríkisútvarpsins. Málsaðilar að tjá sig um kærumálin. Niðurstaða siðanefndar á að vera rökstudd og afdráttarlaus, hún er birt á vef Ríkisútvarpsins og er endanleg (Siðareglur Ríkisútvarpsins, e.d.).

3.4 Society of Professional Journalists.

Society of Professional Journalists (SPJ) er fagfélag bandarískra blaðamanna. Félagið er elsta fagfélag blaðamanna í Bandaríkjunum og var stofnað árið 1909 (About SPJ, e.d.). Siðareglur félagsins eru fáar en ítarlegar. Þær byggjast á því að upplýsingagjöf til almennings er undirstaða lýðræðis og réttlætis og að siðuð blaðamennska á að leitast við að miðla upplýsingum sem eru ókeypis, sanngjarnar og ítarlegar (SPJ code of ethics, e.d.). Hér eru reglurnar fjórar útskýrðar en stiklað verður á stóru enda eru þær gríðarlega ítarlegar. Ef reglurnar eru bornar saman við það sem gengur og gerist á Íslandi eru þær nær því að vera siðareglur fyrirtækis en fagfélags en hverri reglu fylgir texti þar sem hún er útskýrð vel.

Fyrsta regla þeirra fjallar um að leitast við að finna sannleikann og segja frá honum. Siðaðir blaðamenn eiga að vera nákvæmir og sanngjarnir; heiðarlegir og hugrakkir. Þeir eiga að vernda heimildarmenn sína og athuga að tímapressa afsakar ekki léleg vinnubrögð. Þeir eiga að bjóða upp á samhengi, forðast að mistúlka og þeir eiga ekki að villa á sér heimildir til að fá upplýsingar. Önnur regla SPJ fjallar um að blaðamenn eigi að halda skaða í lágmarki. Þá er átt við að þeir blaðamenn sem fara að siðareglum koma fram við heimildarmenn, viðfangsefni, samstarfsmenn og almenning af virðingu. Fréttin er sjaldan mikilvægari en tilfinningalíf og öryggi þeirra sem málið varðar. Þá eiga blaðamenn alltaf að veða og meta mögulegar afleiðingar þess að fjalla um persónuleg mál. Þriðja reglan varðar sjálfstæði blaðamanna. Þeirra helsta skylda er að bjóða almenningi og eiga þeir að forðast að taka þátt í öllu sem getur grafið undan heilindum eða hlutlægni. Fjórða reglan fjallar um að blaðamenn eigi að taka ábyrgð á verkum sínum og geta útskýrt ákvarðanatöku ítarlega. Blaðamenn eiga að hvetja til siðaðrar umræðu um innihald fréttar og viðurkenna og leiðrétta mistök sín. Þá eiga blaðamenn að koma fram við aðra eins og þeir vilja láta koma fram við sig (SPJ code of ethics, e.d.).

3.5 Ethical Journalism Network

Ethical Journalism Network (EJN) eru alþjóðleg samtök fjölmiðlafræðinga. Markmið þeirra er að stuðla að aukinni menntun á sviði fjölmiðlafræði og þá sérstaklega í tengslum við siðamál og virðingu fyrir mannréttindum (Aims, Objectives and Activities, e.d.). Samtökin telja ekki nauðsynlegt að setja reglur til að stjórna störfum blaðamanna algjörlega. Þau hvetja þó til að lagarammi sé til staðar sem hvetur blaðamenn til að virða þau gildi sem hefð er fyrir innan stéttarinnar. Þannig er hægt að setja blaðamenn og fjölmiðla í þá stöðu að vera leiðandi afl tjáningarfrelsis og siðgæðis hverja í sínu heimalandi (The 5 Principles of Ethical Journalism, e.d.).

Samtökin hafa mótað fimm reglur sem þau hvetja aðildarmenn sína til að fara eftir. Sú fyrsta er að blaðamenn skulu leitast við að sýna sannleika og nákvæmni í störfum sínum. Sannleikurinn er háður viðhorfum en blaðamaður getur þó alltaf haft staðreyndir réttar eftir heimildarmönnum sínum. Önnur reglan fjallar um sjálfstæði en blaðamenn verða að stunda sjálfstæð vinnubrögð. Þeir eiga ekki að vinna að hagsmunum neins nema almennings og ef blaðamaður á sjálfur ákveðinna hagsmuna að gæta á hann að koma því á framfæri við yfirmenn sína. Þriðja reglan fjallar um sanngirni og hlutlægni. Flestar fréttir hafa að minnsta kosti tvær hliðar, og þó blaðamaður þurfi ekki að fjalla um allar hliðar hvers einasta máls þá verður hann að gæta jafnvægis og hafa fréttir í samhengi. Hlutlægni er ekki alltaf í boði og getur verið erfitt að ná fram, en hún er nauðsynleg til að byggja upp traust við almenning. Fjórtá reglan snýr að manngæsku og því að blaðamenn eigi að leitast við að valda ekki skaða. Umfjöllunarefni og umfjöllun geta valdið særindum og blaðamenn eiga að vera meðvitaðir um þann skaða sem vinna þeirra getur valdið öðrum. Fimmta og síðasta reglan fjallar um ábyrgð. Blaðamenn eiga alltaf að taka ábyrgð á verkum sínum og viðurkenna og leiðrétta mistök sín (The 5 Principles of Ethical Journalism, e.d.).

3.3 Alþjóðlega blaðamannasambandið

Blaðamannafélag Íslands er hluti af Alþjóðlega blaðamannasambandinu ásamt 186 öðrum stéttarfélögum blaðamanna. Siðareglur félagsins eru nokkuð almennar enda ná þær yfir 600.000 félagsmenn í 140 löndum. Alþjóðlega blaðamannasambandið var stofnað árið 1929 en reglurnar voru innleiddar í félagið árið 1954. Þær voru síðast uppfærðar á heimsþingi sambandsins árið 1986. Reglurnar eru í níu liðum og fjalla aðallega um virðingu blaðamanna

fyrir sannleikanum og fyrir starfinu sjálfu. Samtökin telja meðal annars meiðyrði, mútubægni og ritstuld vera gróf brot gegn reglum (Milla Ósk Magnúsdóttir, 2019).

Eins og sjá má á siðareglum Blaðamannafélagsins eru reglurnar almennar og ætlaðar til að leiðbeina félagsmönnum í vandasömum málum. Siðareglunum er ætlað að vera sameign félagsins sem allir félagar geta leitað til og skilið auðveldlega. Þó eru reglurnar umdeildar og tveir hópar verið skipaðir til að færa þær í nútímahorf. Tillögur hópanna fengu ekki brautargengi hjá félagsmönnum og virðast þeir klofnir í afstöðu sinni gagnvart siðareglum sínum. Siðareglur Ríkisútvarpsins eru siðareglur fyrirtækis en minna margt á siðareglur *Society of Professional Journalists*. Siðareglur beggja eru ítarlegar og hafa það hlutverk að leiða blaðamenn í störfum sínum.

Þá eru siðareglur *Ethical Journalism Network* og Alþjóðlega blaðamannasambandsins almennar. *Ethical Journalism Network* eru alþjóðleg samtök fjölmiðlafræðinga og reglur þeirra geta virkað sem fyrirmynd fyrir siðareglur fagfélaga blaðamanna eða fjölmiðla. Þá eru siðareglur Alþjóðlega blaðamannasambandsins almennar því þær þjóna gríðarlega mörgum félagsmönnum í 140 löndum. Þær geta einnig verið fyrirmynd fyrir fagfélög eða fjölmiðlafyrirtæki. Reglur beggja leggja áherslu á virðingu fyrir starfinu og samstarfsmönnum, sjálfstæði og heilindi í starfi; og stunda ekki meiðyrði eða ritstuld eða þiggja mútur.

4. Af fagmennsku

Fagmennska er aðgreind af félagsfræðingum sem sérstök leið til að stjórna og skipuleggja starfsmenn og vinnu þeirra. Því fylgja kostir bæði fyrir starfsmennina og skjólstæðinga. Fagmennska er oft tengd starfinu sjálfu og því að starfsfólk vill einfaldlega vinna starf sitt af heilindum. En fagmennska hefur þróast og nú starfa margir fagmenn innan stórra stofnana eða fyrirtækja og vinnuaðferðir þeirra eru staðlaðar. Þannig er fagmennska tvennskona: stofnanatengd eða starfstengd (Evetts, 2011).

Stofnanatengd fagmennska (e. organizational professionalism) er sú fagmennska sem yfirmenn búast við af fagfólki í vinnuaðstæðum. Þá eru ákvarðanir teknar á grundvelli starfsreglna og vinnuaðferðir staðlaðar (Evetts, 2006, bls. 140-141). Hún snýst um stjórnun og ábyrgð sem lögð er á herðar fagfólks. Stofnanatengda fagmennsku má einnig kalla ytri fagmennsku (Birgir Guðmundsson og Sigurður Kristinsson, 2019, bls. 1687). Starfstengd fagmennska (e. occupational professionalism) er aftur á móti sú fagmennska sem felur í sér umræðu hjá fagfólki um starf þess og ábyrgð gagnvart samfélaginu og samstarfsmönnum (Evetts, 2006, bls. 140-141). Hún vísar til hefðbundinna gilda sem fagfólkið sjálft kemur sér saman um og þróast hafa innan stéttarinnar. Starfstengda fagmennsku má einnig kalla innri fagmennsku (Birgir Guðmundsson og Sigurður Kristinsson, 2019, bls. 1687).

Birgir Guðmundsson og Sigurður Kristinsson (2019) benda á sex þætti sem tengjast fagmennsku blaðamanna (bls. 1688-1696) og snerta bæði stofnana- og starfstengda fagmennsku. Þeir nefna í fyrsta lagi menntun blaðamannsins. Menntunin gefur til kynna hvort áherslan sé á starfstengda fagmennsku, þá heildræn háskólamenntun frá fræðilegu sjónarmiði, eða stofnanatengda fagmennsku, en þá er menntunin hagnýt og oft tæknileg. Í öðru lagi nefna þeir samfélagslegan tilgang starfsins. Annars vegar er samfélagslegi tilgangurinn sá að blaðamaður segi satt og rétt frá öllu því sem hann telur að komi almenningi við og er það kennt við starfstengda fagmennsku. Hins vegar er samfélagslegi tilgangurinn að framleiða efni sem þjónar markaðslegum tilgangi og uppfyllir markmið fyrirtækisins, sem kennt er við stofnanatengda fagmennsku. Í þriðja lagi nefna þeir sjálfræði blaðamannsins. Í tilfelli starfstengdrar fagmennsku er sjálfræðið öll sú færni blaðamannsins og gildi hans sjálfs sem

getur stangast á við gildi stofnanatengdrar fagmennsku. Það er hversu frjáls hann er til að sinna starfi sínu eftir eigin sannfæringu. Á hinn bóginn, frá stofnanatengdri fagmennsku séð, er sjálfræði blaðamannsins sú færni og gildi sem er í samræmi við starfstengda fagmennsku, stöðlun starfsins út frá faglegri sannfæringu stéttarinnar. Í fjórða lagi eru fagsamtök blaðamanna. Samkvæmt starfstengdri fagmennsku eru fagsamtökin vettvangur sem stuðlar að faglegum gildum, sjálfsmynd og samstöðu blaðamanna. Samkvæmt stofnanatengdri fagmennsku eru fagsamtökin vettvangur til kjaraviðræðna og viðræðna um faglega staðla. Í fimmta lagi er sjálfræði stéttarinnar. Sjálfræðið felst í stofnun fagfélags sem tryggir skuldbindingu gagnvart faglegum gildum með siðareglum sem er hluti af starfstengdri fagmennsku. En sjálfræðið felst einnig í því hvernig nota megir siðareglur, bæði fagfélaga og fyrirtækjanna sjálfra, til að skapa ábyrgðartilfinningu og setja ritstjórnnum mörk og er þannig hluti af stofnanatengdri fagmennsku. Í sjötta og síðasta lagi nefna Birgir og Sigurður afmörkun fagstéttarinnar. Starfstengd fagmennska skilgreinir faglega blaðamennsku með hugmyndafræði og gildum sem fylgja faginu. Stofnanatengd fagmennska skilgreinir fagmennskuna hins vegar við tæknilega færni, þekkingu og þjónustu við viðskiptavinum og notendur viðkomandi fjölmiðils.

Í kjölfar þessarar greiningar og rannsókna á viðhorfum íslenskra blaðamanna til starfs síns, komast þeir Birgir og Sigurður (2019, bls. 1697-1700) að þversagnakenndri niðurstöðu: Annars vegar hafi íslenskir blaðamenn sýnt vilja og tekið stór skref í átt að þeim gildum sem kennd eru við starfstengda fagmennsku; hins vegar sé starfsumhverfi þeirra þannig að það ýti þeim að stofnanatengdri fagmennsku. Blaðamenn vilja halda í fagmennskuna sem starfið kallar á en markaðsvæðing og örar tæknibreytingar kalla á stofnanatengdri fagmennsku.

Witschge og Nygren (2009) greina frá því hvernig blaðamennska er fag sem þarf að vera opið öllum. Iðulega greina fagstéttir sig frá öðrum með menntun og faglegum stöðlum innan stéttarinnar. Í grein sinni færa Witschge og Nygren rök fyrir því að í tilfelli blaðamanna er ekki hægt að setja slíkar faglegar kröfur á stéttina vegna réttar allra til tjáningarfrelsis. Það sé einfaldlega ekki hægt að setja hömlur á aðgang að blaðamannastarfinu vegna þessa og að alltaf muni einhverjir vilja starfa innan stéttarinnar sem uppfylli ekki faglegar kröfur. Fagmennskukröfur stéttarinnar geti þó komið frá blaðamönnum sjálfum og geti þeir sjálfir myndað viðmið um gildi og venjur fyrir stéttina.

Þannig fer fagmennska stofnana og fyrirtækja ekki alltaf saman við fagmennsku starfsins. Í tilfelli blaðamanna kemur fagmennska að miklu leyti innan frá og birtist meðal annars í

vönduðum vinnubrögðum og samstöðu innan stéttarinnar. En fagmennskan kemur líka að ofan eins og það er kallað, frá yfirmönnum og stjórnendum fjölmiðlafyrirtækja . Þá getur fagmennska meðal annars birst sem pressa á að framleiða fréttæfni sem uppfyllir markmið fyrirtækisins. Það má líka nefna greiningu Witschge og Nygren sem telja að varla sé hægt að setja faglegar kröfur á blaðmannastéttina. Það sé vegna þess að tjáningarfrelsi einstaklings er algilt og hver sem er má því starfa sem blaðamaður. Áhersla þeirra er á að faglegar kröfur komi frá blaðamönnunum sjálfum og flokkast sem starfstengd fagmennska.

5. Viðtalsrannsókn

Til að afla gagna fyrir rannsóknina var meðal annars notast við viðtöl. Sú aðferð kallast fyrirbærafræði og markmið hennar sem rannsóknaraðferðar er að skilja hinn flókna heim mannlegrar reynslu út frá sjónarhóli þeirra sem þekkja best til. Þannig getur rannsakandi „fengið lánaða“ reynslu annarra og þannig reynt að skilja betur fyrirbærið sem til rannsóknar er. Rannsakandi er meðvitaður um að með þessu er ekki hægt að alhæfa heldur aðeins skilja út frá reynslu þátttakenda til að auka skilning á fyrirbærinu (Sigríður Halldórsdóttir, 2016, bls. 281-294). Í þessu tilfelli er fyrirbærið siðareglur Blaðamannafélags Íslands.

Í fyrirbærafræðilegum rannsóknum er oft notast við tilgangsrannsóknir. Út frá tilgangi rannsóknarinnar eru þá valdir einstaklingar af handahófi sem hafa reynslu af fyrirbærinu (Sigríður Halldórsdóttir, 2016, bls. 281-294). Í þessari rannsókn voru þrjú einstaklingar valdir af handahófi sem allir eru með þekkingu, reynslu og skoðanir á siðareglum Blaðamannafélags Íslands. Tveir þeirra eru fyrrverandi blaðamenn og núverandi háskólakennarar á sviði fjölmiðlafræði og einn er starfandi blaðamaður hjá Ríkisútvarpinu. Eitt viðtal var tekið við hvern þátttakanda frá 16. febrúar 2021 til 24. mars 2021. Viðtölin voru tekin á Zoom enda rannsakandi búsettur á Akureyri og ekki má gleyma heimsfaraldri COVID-19 sem setti mark sitt á rannsóknina.

5.1 „Túlkunin skiptir máli“ – Birgir Guðmundsson

Núverandi siðareglur hafa ekki breyst frá árinu 1991 þrátt fyrir tilraunir til að breyta þeim (sjá mynd 1 bls. 7). Það þótti nauðsynlegt að skoða breytingar enda var fjölmiðlaumhverfið var að breytast hratt og margir töldu að reglurnar yrðu að breytast með. Birgir Guðmundsson, nú doktor í stjórnmálafræði, var hluti af hópi blaðamanna sem endurskoðaði reglurnar árið 2005 (Sjá viðauki 2). „Reglurnar höfðu þegar verið gagnrýndar fyrir að vera óskipulegar og óskýrar í uppbyggingu. Það var verið að fjalla um mörg atriði í sömu greininni. Við töldum að það þyrfti ekki að breyta þeim alla leið né tíunda hvað má eða hvernig menn eiga að haga sér“ segir Birgir. „Við lögðum til breytt skipulag á reglunum en það voru fáir til í það. Það sem er gegnumgangandi varðandi siðareglurnar er að blaðamaður ber persónulega ábyrgð á því sem

er sagt og að allt sé satt og rétt. En hann ber líka félagslega ábyrgð. Þetta hefur verið kallað *tillitssemisreglan*, blaðamaður á ekki að stuðla að mismunun til dæmis“ (Birgir Guðmundsson, munnleg heimild, 16. febrúar 2021).

Einn af þeim sem gagnrýnt hefur uppbyggingu siðareglanna er heimspekingurinn Þorsteinn Gylfason. Það var í raun hann sem formúleraði hugtökin *tillitssemisreglan* og *vandvirknisreglan* úr siðareglum Blaðamannafélagsins. *Tillitssemisreglan* krefst þess að einstaklingar eða hópar fólks séu ekki særðir eða vanvirtir að tilefnislausu í fjölmiðlum. *Vandvirknisreglan* krefst þess að blaðamaður skýri rétt frá og afli upplýsinga samviskusamlega, virði heimildir sínar og haldi trúnað við heimildarmenn. Þessar reglur Þorsteins standa saman í þriðju grein siðareglanna, með viðaukum í annarri, fjórðu og fimmtu grein. Þorsteinn segir að *tillitssemisreglan* sé af siðferðilegum toga. *Vandvirknisreglan* er það þó ekki endilega en hún býður blaðamanni að fara rétt með mál sitt og segja satt, og sannsögli er siðferðileg dygð (Þorsteinn Gylfason, bls. 5-6, 2004).

Þegar Birgir var í fyrri endurskoðunarhópnum árið 2005 voru nokkrir ákafir varðmenn tjáningarfrelsisins í Blaðamannafélaginu. Birgir segir að í huga þessara manna beri blaðamenn ekki ábyrgð á því hvort að samfélagið sé gott eða vont heldur eigi þeir að segja frá því hvernig samfélagið er, nema í augljóslega alvarlegum málum. „Þeirra stefna var að það væri ekki hægt að láta einhverja sérfræðinga úti í bæ segja okkur hvað við mættum skrifa. Þarna var hópur sem vildi ekki taka undir félagslega ábyrgð blaðamanna. Hugmyndin var sú að ef þú byrjar að sía út hvað má segja og hvað má ekki segja ertu að taka fyrstu skrefin í átt að ritskoðun.“ Enn aðrir segja að blaðamenn og fjölmiðlar beri ábyrgð. „Fjölmiðlar og blaðamenn hafa meiri rétt á upplýsingum frá ríkinu til dæmis, réttindi og skyldur haldast í hendur. Sumir blaðamenn á þessum tíma áttu erfitt með að sætta sig við breytingarnar okkar“ (Birgir Guðmundsson, munnleg heimild, 16. febrúar 2021).

Breytingarnar voru þó ekki miklar. Hópurinn sem Birgir tilheyrði var einfaldlega að endurskrifa og umorða siðareglurnar til að gera þær einfaldari og skýrari. „Þegar þetta var tekið svona í sundur þá hrukku menn í kút. Grunnurinn hér er hvernig blaðamenn eigi að skilgreina sína ábyrgð, þeir eiga að segja frá hlutum sem skipta máli. Í reglunum núna stendur að ekki megi særa eða meiða að óþörfu, lykilatriðið er *að óþörfu*.“ Birgir bætir við að enginn sé að biðja blaðamenn um að fela neitt heldur að taka tillit. „En margir töldu að það að breyta reglunum væri fyrsta skrefið í átt að pólitískum rétttrúnaðarfrumskóg (e. politically correct, PC) þar sem

við myndum tapa öllu.“ Birgir bætir við að það sé alltaf hættan, þegar það á að vernda einhvern hóp getur myndast þöggun. Þegar þetta var þá var formáli siðareglanna frá 1991 týndur en hann gefur tóninn að tjáningarfrelsið sé mikilvægt starfi blaðamanna. Hægt er að finna útgáfur af siðareglunum bæði með og án formálans. Birgir fann hann á sínum tíma fyrir tilviljun. „Ég fann hann í ensku þýðingu af siðareglunum á finnskri vefsíðu, einhvernvegin datt hann út og enginn áttaði sig á því“ (Birgir Guðmundsson, munnleg heimild, 16. febrúar 2021).

Breytingartillögur hópsins sem Birgir tilheyrði fékk ekki brautargengi hjá félögum blaðamannafélagsins og tillögurnar því felldar og engar breytingar gerðar á siðareglum í það skiptið. Nokkru seinna, árið 2012, kom annar hópur sem Birgir var ekki formlega hluti af. „Þá var farið lengra í áttina að samfélagslegri ábyrgð. Seinni nefndin skoðaði hvernig siðareglur eru í nágrannalöndunum og öðrum félögum enda óþarfi að finna upp hjólið. Víða erlendis eru reglurnar tíundaðar og margar blaðsíður, ekki almennar siðareglur heldur leiðbeiningar um hvernig á að takast á við allskonar siðferðislegar ógöngur“ (Sjá viðauki 3). Birgir telur það gagnlegt fyrir starfandi blaðamenn að hafa ítarlegar reglur. „Meðal þess sem fór inn hjá hópnum var að blaðamaður ætti ekki að vera neyddur til að skrifa frétt sem hann vildi alls ekki gera samvisku sinnar vegna. Margir fusuðu og sveiuðu yfir því enda telst það ekki praktískt. Menn verða bara að ganga í verk!“ Það þótti ekki líklegt á þessum tíma að til væru blaðamenn sem vildu ekki skoða sum mál vegna samvisku sinnar. Birgir segir að þetta hafi ekki ratað inn í reglurnar, enda voru tillögur þessa seinni endurskoðunarnefndar einnig felldar. „Hugmyndin var að ganga mjög langt en það gekk ekki. Mér fannst þetta góðar reglur og í takt við siðareglur annars staðar. Þær voru ítarlegar og áttu að virka sem leiðarvísir fyrir blaðamenn og svara spurningum með heilsteyptari hætti en nú er. Það er þannig núna þegar blaðamenn eru með svona fáar reglur að túlkunin skiptir máli, þannig breytast þær með tímanum“ (Birgir Guðmundsson, munnleg heimild, 16. febrúar 2021).

Birgir segir að ástæðan fyrir því að menn vildu fara í þessar breytingar vera vegna gagnrýni á óskipulag reglnanna og því að þær teljast gamlar. „En þær virka og þær hafa alltaf virkað“ (Birgir Guðmundsson, munnleg heimild, 16. febrúar 2021).

5.2 „Það er ágætt að þetta sé ekki geirneglt niður“ – Friðrik Þór Guðmundsson

Friðrik Þór Guðmundsson er meistari í Blaða- og fréttamennsku, kennari við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, blaðamaður og meðlimur í Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands. Hann segir að úrskurðir Siðanefndar Blaðamannafélags Íslands eru fordæmisgefandi. Þannig getur siðanefnd litið á fyrri úrskurði og skorið úr málum með tilliti til þess sem áður hefur verið gert. Þetta séu *reglurnar að baki reglunum*.

„Þannig virka siðareglurnar, með túlkun meðlima siðanefndar og reglunum á bak við reglurnar. Tíðarandinn og fjölmiðlaumhverfið skipta einnig máli. Það er allt annar veruleiki nú en þegar þetta voru flokksblöð og menn að kæra hvern annan, þá var pólitík að baki. Tíðarandinn er annar í dag.“ Friðrik bendir á að siðareglurnar standi blaðamönnum ekki endilega nærri í starfi þeirra. „Ég eins og margir spáði ekki mikið í siðareglurnar þegar ég var blaðamaður. Þær sögðu ekki svo mikið, þær voru stuttar og almennar og endurspegluðu viðhorf sem ríkti á fjölmiðlum“ (Friðrik Þór Guðmundsson, munnleg heimild, 24. febrúar 2021).

Friðrik telur ekki brýnt að breyta siðareglum Blaðamannafélagsins, þó hann sé sammála tillögum fyrri endurskoðunarnefndar (sjá viðauki 2). „Það var ekkert stórvægilegt vandamál að reglurnar voru ekki að breytast. Vegna þess að siðareglurnar eru stuttar og almennar og byggja á túlkun siðanefndar, þá hélt bara áfram að reyna á túlkun hennar á reglunum.“ Friðrik telur þó að það væri ákaflega æskilegt að breyta siðareglum Blaðamannafélagsins. „Það mætti setja þær upp með rökrænni hætti, ekki blanda hlutum saman í sömu greininni. Það mætti gera þær flokkaskiptari og skýrari.“ Friðrik segir að deila megi lengi um hvort gera þurfi reglurnar ítarlegri, eða draga úr þeim kraftinn. „Margir vilja láta reglurnar snúast um *konkret* atriði eins og hagsmunaárekstra eða ritstuld og slíkt. Að það sé tekið á almennum atriðum en ekki huglægum matskenndum eins og tillitssemi eða eitthvað slíkt.“ Þá segir Friðrik að hann sjái ekki ástæðu til að hafa reglurnar ítarlegri. „Ég sé gildi þess að hafa þær tiltölulega almennar og að siðanefnd hafi túlkunarmöguleika. Að tíðarandinn skipti máli, það hefur sýnt sig að það er ágætt að þetta sé ekki geirneglt niður“ (Friðrik Þór Guðmundsson, munnleg heimild, 24. febrúar 2021).

Meðlimir Blaðamannafélagsins skiptast í fylkingar varðandi siðareglur félagsins. „Það eru þrjár hópar. Sá fyrsti vill taka út þessi huglægú atriði og er á móti því að hafa eitthvað um tillitssemina og óþarfa sársauka og slíkt. Annar vill hafa reglurnar ítarlegar og taka inn ýmislegt

frá reglum Norðurlandanna. Og sá þriðji sem vill hafa reglurnar lítt breyttar en kannski aðeins markvissari og betur upp settar.“ Friðrik segir að mikilvægast sé að allar breytingar byggi á verulegri samstöðu þeirra sem eiga að undirgangast reglurnar. Þá hefur viðhorf almennings til blaðamannastéttarinnar breyst í gegnum árin, sem og viðhorfið til hlutverks fjölmiðla. „Stjórnvöld hafa sett skyldur á fjölmiðla sem þeim ber að sinna, meðal annars að veita valdhöfum aðhald. Samfara þessu hefur vegur tjáningarfrelsis aukist. Áherslur á hlutlægni og vönduð vinnubrögð hafa aukist.“ Friðrik telur jákvætt að siðareglurnar séu í forgrunni í störfum blaða- og fréttamanna. „Þessar reglur eru ekki lýjandi heldur endurspegla kannski fyrst og síðast hinar almennt viðurkenndu og oft óskráðu reglur og prinsipp blaða- og fréttamennsku“ (Friðrik Þór Guðmundsson, munnleg heimild, 24. febrúar 2021).

„Það er sérstaklega getið í siðareglum BÍ og í túlkun siðanefndar að persónulegt tjáningarfrelsi blaða- og fréttamanna verði ekki af þeim tekið. Ef einhver tjáir sig í eigin nafni á samfélagsmiðlum til dæmis, þá er það ekki kæránlegt. Það verður að gera greinarmun á privat persónum og þessum fagmönnum.“ Þetta er þó ekki svo einfalt. „Auðvitað verða menn að fara varlega í privat tjáningu á samfélagsmiðlum því bæði í siðareglum BÍ og RÚV er einmitt getið um orðstír fréttamiðla og að ekki mega vera þeim til skammar. Það gildir áfram.“ Þá snýst tjáning blaðamanna á samfélagsmiðlum einnig um álit almennings á stéttinni. „Ef þú gengur of langt í þessari tjáningu á samfélagsmiðlum og gerir einhverja bölvæða vitleysu ertu að eyðileggja þitt gullegg, rýja traust og trúverðugleika sjálfs þíns. Ef þú gerir of mikið af því, þá vilja heimildarmenn og viðmælendur ekki treysta þér. Þá ertu búinn að vera sem blaðamaður“ (Friðrik Þór Guðmundsson, munnleg heimild, 24. febrúar 2021).

Siðareglur Ríkisútvarpsins hafa vakið athygli vegna ákvæðis í þriðju grein þeirra. Ákvæðið segir að *starfsfólk, sem sinnir umfjöllun um fréttir, fréttatengt efni og dagskrárgerð tekur ekki opinberlega afstöðu í umræðu um pólitísk málefni eða umdeild mál í þjóðfélagsumræðunni, þar á meðal á samfélagsmiðlum* (Siðareglur Ríkisútvarpsins, e.d.). Friðrik Þór bendir á að slíkt ákvæði sé ekki að finna í siðareglum Blaðamannafélags Íslands. Hann telur að standa verði vörð um persónulegt tjáningarfrelsi blaðamanna. Tjáningarfrelsi þeirra eins og annarra er verndað í stjórnarskrá og því er ekki hægt að refsa einstaka blaðamönnum fyrir að láta í ljós skoðanir sínar á opinberum vettvangi, eins og á samfélagsmiðlum. Siðareglur Blaðamannafélagsins og túlkun þeirra á undanförunum árum hafa þróast og ýta nú undir ábyrgðarfullt tjáningarfrelsi og gera

skýran greinarmun á því hvað blaðamenn gera í starfi sínu eða í einkalífi sínu (Anna Marsibil Clausen og Davíð Roach Gunnarsson, 2020).

5.3 „Engar breytingar án samstöðu“ - Aðalsteinn Kjartansson

Aðalsteinn Kjartansson er í hópi þeirra þrjátíu og eins blaðamanns sem skiluðu tillögum að breytingum á siðareglum Blaðamannafélags Íslands árið 2012 (sjá viðauki 4). Þær tillögur voru sérstakar að því leyti að þar var vikið frá huglægum atriðum og reglurnar settar upp á skýran hátt. Aðalsteinn byrjaði í fréttamennsku á DV þegar hann var tvítugur. „Þar var rík saga um vinnubrögð sem þóttu ámælisverð eða umdeild. Og ég byrjaði í blaðamennsku á þannig tíma, rétt eftir að rannsóknarskýrsla Alþingis kemur út, þegar mikil umræða var um vinnubrögð og siðferði í blaðamannastéttinni.“ Í raun var það krafa á þessum tíma að blaðamenn væru að hugsa um þessi atriði. „Ég fylgdist með því sem er að gerast í þjóðfélaginu vegna bankahrunsins. Þessi siðferðisdómur yfir stéttinni, það er held ég ástæðan fyrir því að ég var tilbúinn að fara af stað 2012 með hópnum og segja bara hey ég vil að siðareglurnar séu svona.“ Aðalsteinn tekur fram að blaðamenn eigi að láta sig siðreglurnar varða vegna þess að þær gildi jafnt yfir þá alla. „Það er líka þannig að reglurnar gilda alveg um þann sem er tvítugur eins og þrítugur og fertugur og svo framvegis. Þannig að ef maður ætlar að vera í þessu, í aðgangsharðri blaðamennsku, þá þarf að hafa þetta á hreinu“ (Aðalsteinn Kjartansson, munnleg heimild, 24. mars 2021).

„Siðareglur eru í eðli sínu þannig, að þeir sem eiga að fara eftir þeim þurfa að hafa einhverja aðkomu að þeim. Það er þannig með siðareglur BÍ að ég má mæta og leggja til breytingar á siðareglum.“ Aðalsteinn er í þeirri stöðu að siðareglur Blaðamannafélagsins ná yfir hann en hann starfar einnig eftir siðareglum Ríkisútvarpsins þar sem hann vinnur. „Það er eðlismunur á þessum siðareglum. Annað eru siðareglur, því þeir sem fara eftir þeim þurfa að eiga aðkomu að því hvernig þær eru. Þetta er mótað af okkur sjálfum þó ég sé ekki ánægður með hvernig þær eru núna.“ Aðalsteinn gerir greinarmun á því að hann sem félagsmaður Blaðamannafélagsins getur haft áhrif á siðareglur félagsins. Það sama gildir ekki um siðareglur Ríkisútvarpsins. „Ég get þá farið á aðalfund og lagt til nýjar siðareglur og það er félagsmanna að segja já eða nei. Siðareglur RÚV eru þannig að útvarpsstjóri og fyrrverandi útvarpsstjóri setja þessar reglur.“ Það er enginn vettvangur fyrir starfsfólk Ríkisútvarpsins að hafa áhrif á siðareglur stofnunarinnar. „Þá eru þetta ekki siðareglur heldur vinnureglur stjórnenda til starfsmanna. Og þversögnin er

að það eru til vinnureglur RÚV sem taka á mörgu því sama, en munurinn er að siðareglurnar eru með þessa nefnd sem á að úrskurða.“ Aðalsteinn telur reglurnar sem snúa að siðanefnd Ríkisútvarpsins óskýrar og óljóst hvaða afleiðingar það kann að hafa að vera kærður fyrir brot á siðareglum stofnunarinnar. „Það er alveg skýrt í siðareglum BÍ að ef maður gerist brotlegur við siðareglur þá er það áfellingisdómur yfir mér sem blaðamanni. Ef ég er sakfelldur missi ég ekki vinnuna eða þarf að borga sekt. Þetta er fyrst og fremst álit minna kollega og jafningja í stéttinni yfir mínum vinnubrögðum.“ Þegar kemur að siðanefnd Ríkisútvarpsins veit Aðalsteinn ekki hvaða áhrif það hefur á starf hans ef hann er brotlegur. „Þýðir það að ég hafi brotið vinnureglur og fæ áminningu eða verður mér sagt upp? Verð ég færður til innan stofnunarinnar? Þetta liggur ekki fyrir“ (Aðalsteinn Kjartansson, munnleg heimild, 24. mars 2021).

Aðalsteinn er einn af ellefu starfsmönnum Ríkisútvarpsins sem voru kærðir fyrir brot á siðareglum stofnunarinnar árið 2020. Kæran var lögð fram í kjölfar ummæla Helga Seljan Jóhannssonar á eigin samfélagsmiðlum um sjávarútvegsfyrirtækið Samherja. Helgi er einn þeirra starfsmanna Ríkisútvarpsins sem hvað mest hefur fjallað um Samherja, meðal annars í þættinum *Kveik*. Samherji kærði á grundvelli hinnar umdeildu þriðju greinar sem snertir á því að ákveðnir starfsmenn Ríkisútvarpsins megi ekki taka opinbera afstöðu í umræðu um pólitísk málefni eða umdeild mál í samfélaginu, þar á meðal á samfélagsmiðlum. Það var svo þann 26. mars 2021 sem siðanefnd Ríkisútvarpsins felldi dóm yfir einum af hinum ellefu. Helgi Seljan var fundinn sekur vegna ummæla sinna um Samherja á samfélagsmiðlinum *Facebook* en hinir tíu voru sýknaðir. Brot Helga telst alvarlegt en nefndin sem dæmdi tekur fram að þessum ákvæðum siðareglanna hafi aldrei verið beitt fyrr og engar leiðbeiningar liggi fyrir frá Ríkisútvarpinu um hvernig fréttamenn megi haga sér á samfélagsmiðlum (Steindór Grétar Jónsson, 2021). Ríkisútvarpið tilkynnti að niðurstaðan hafi ekki áhrif á störf Helga á Ríkisútvarpinu. Enda snýst dómurinn ekki um hvað er satt og rétt í fréttáflutningi Ríkisútvarpsins um Samherja heldur um skrif fréttamanna miðilsins á samfélagsmiðla um málið (Markús Þ. Þórhallsson, 2021).

Þegar rætt er um siðareglur Blaðamannafélags Íslands, telur Aðalsteinn að samstaða verði að ríkja meðal félagsmanna til að hægt sé að leggjast í breytingar. „Mín tilfinning er sú að flestir starfandi blaða- og fréttamenn eru nær því að vera sammála tillögunum okkar í hópnum þrjátíu og einn en hinna, og þeim reglum sem eru þegar í gildi.“ Aðalsteinn telur að þetta sé þó erfitt ræða því Blaðamannafélagið hefur ekki kannað vilja félagsmanna sinna til að breyta reglunum. „En það eru einhvern veginn allir sammála því að reglurnar sem eru í gildi núna eru ekki nógu

góðar. Tillagan okkar var ekki felld á sínum tíma heldur áttu fulltrúar úr okkar hópi og fulltrúar úr seinni endurskoðunarnefnd að hittast og leysa málin. Sá hópur hittist aldrei“ (Aðalsteinn Kjartansson, munnleg heimild, 24. mars 2021).

Í tillögum hópsins sem samanstóð af þrjátíu og einum blaðamanni, eins og fyrr hefur verið nefnt, eru svokölluð huglæg atriði tekin út, fyrrnefnd *tillitssemisregla*. Þetta eru þau atriði sem samstaða hefur ekki ríkt um meðal blaðamanna. „Þessi atriði eru tekin út því það er svo breytilegt hvað fólki finnst hverju sinni. Við höfum reynslu af því í þessari stétt.“ Hér á Aðalsteinn við að oft reyni á huglægt mat þegar frétt er rétt en framsetningin gengur of langt af mati einhverra (Aðalsteinn Kjartansson, munnleg heimild, 24. mars 2021).

Þetta er allt matskennt. Það er bara svo breytilegt eftir því í hvaða aðstæðum þú ert, til dæmis á hvaða fjölmíðli þú starfar, eða hvaða ár er; hvernig stemningin í þjóðfélaginu er, hvaða bakgrunn þú sem einstaklingur hefur. Ef við ætlum að vera með siðareglur sem eru algildar reglur um siðferðileg vinnubrögð, þá verða það að vera siðareglur sem við getum öll verið sammála um að hafi þýðingu. Það er mitt mat og þeirra sem stóðu fyrir þessu, að þegar þú hefur ótrúlega frjálssar hendur til að finnst eitthvað, þá er rosalega erfitt að ná einhverri sátt um vinnubrögðin. Það má nefna að fyrir þá sem verða fyrir umfjöllun sem þeir eru ósáttir með er sársaukinn sem því fylgir alltaf óþarfi. Á það að koma í veg fyrir að blaða- og fréttamenn upplýsi um eitthvað? Sjónarhorn hvers á að ráða? Þetta er of matskennt til að hægt sé að setja nefnd sem á að sjá um þetta. Það er að minnsta kosti okkar sjónarmið. Ég sem blaða- og fréttamaður þarf að geta nálgast reglurnar og vita til hvers er ætlast af mér (Aðalsteinn Kjartansson, munnleg heimild, 24. mars 2021).

Eins og sjá má eru þeir Birgir, Friðrik Þór og Aðalsteinn ekki á einu máli um siðareglur Blaðamannafélagsins. Birgir tilheyrir hópi þeirra sem vilja sjá ítarlegar siðareglur sem blaðamenn geti starfað eftir, þó hann sé að vísu sáttur með reglurnar eins og þær eru í dag. Friðrik Þór er í hópi þeirra sem vill að reglurnar séu settar upp með skýrari hætti án þess að gera þær ítarlegri. Hann vill að siðanefnd og aðrir geti túlkað reglurnar. Aðalsteinn er í hópi þeirra sem vill breyta reglunum eftir tillögum hóps þrjátíu og eins blaðamanns. Hann starfar sem blaðamaður og telur að núverandi siðareglur séu ekki nógu skýrar um það hvað blaðamenn megi gera í starfi sínu. Huglæg atriði eins og tillitssemisreglan virki ruglandi og blaðamenn geti ekki treyst á túlkun siðanefndar. Reglurnar þurfi að vera skýrar og án huglægra atriða.

6. Umræður

Ábyrgð fjölmiðla er mikil. Í lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 er þeim gert að halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi, virða mannréttindi og jafnrétti; og friðhelgi einkalífs. Í meistararitgerð sinni (2006) minnst Friðrik Þór Guðmundsson á hlutverk fjölmiðla sem fjórða valdið. Þar er átt við aðhaldshlutverk þeirra með stjórnvöldum og öðrum samfélagslega sterkum öflum. Þeir eiga að vanda upplýsingaöflun og framsetningu verkefna sinna og vera gagnrýnir.

Alþjóðleg samtök fjölmiðlafræðinga, *Ethical Journalism Network*, hafa mælt með samstöðu blaðamanna til varnar siðareglum og sjálfræði stéttarinnar enda sé það lykillinn að því að byggja upp traust á fjölmiðlum. Þá er sjálfræði stéttarinnar ein leið til að tryggja frjálsa fjölmiðlun (Law, 2016). Þá hefur forstjóri *Ethical Journalism Network*, Hannah Storm, skrifað að siðuð blaðamennska komi ekki aðeins frá blaðamönnunum sjálfum. Það sé ákveðin menning á vinnustöðum sem getur dregið úr fagmennsku þeirra sem þar starfa. Vinnustaðamenning verður að stuðla að sjálfstæðum vinnubrögðum sem ala á nákvæmni, sanngirni og ábyrgð. Ef vinnustaðurinn leggur ekki áherslu á slík vinnubrögð munu þeir blaðamenn sem þar starfa ekki gera það. Vinnustaðurinn verður að endurspeglar almenning og samfélögin sem hann þjónar og vera traustsins verður (Storm, 2020). Flokkun Birgis Guðmundssonar og Sigurðar Kristinssonar (2019) á starfstengdri og stofnanatengdri fagmennsku á við hér, þar sem svo virðist sem hagsmunir stéttarinnar og hagsmunir fjölmiðlanna sem fyrirtækja fari ekki alltaf saman. Þar má nefna sem dæmi samfélagslegan tilgang starfsins. Starfstengd fagmennska kallar á að blaðamaður segi satt og rétt frá öllu því sem hann telur að komi almenningi við. Stofnanatengd fagmennska kallar á að blaðamaður finni og vinni úr efni sem þjónar markaðslegum tilgangi og uppfylli markmið fyrirtækisins. Witschge og Nygren (2009) hafa þó nokkuð til síns máls þegar þau segja að ekki sé hægt að setja faglegar kröfur á blaðamenn eins og aðrar stéttir þar sem öllum verði að vera velkomið að starfa við blaðamennsku, tjáningarfrelsisins vegna.

Þátttakendur rannsóknarinnar eru á ólíkum skoðunum þegar kemur að gagnsemi siðareglna Blaðamannafélagsins. Birgir Guðmundsson vill meina að reglurnar séu hjálpleg

viðmið sem hafi virkað vel hingað til þó þær mættu vera skýrari og jafnvel ítarlegri. Friðrik Þór Guðmundsson telur gagnlegt að reglurnar séu einfaldar og opnar fyrir túlkunum þó hann vilji gjarnan sjá þær settar upp á skýrari hátt. Þannig sé þeim vel borgið því þannig breytast þær með tíðaranda og túlkun siðanefndar. Aðalsteinn Kjartansson er í hópi blaðamanna sem vilja sjá Blaðamannafélagið víkja frá huglægum ákvæðum um tillitssemi og óþarfa sársauka einfaldlega vegna þess að það er mismunandi hvað fólki finnst. Blaðamenn finna fyrir því í starfi sínu að ekki eru allir sammála þegar kemur að því hvað er of langt gengið og þannig geti blaðamenn ekki vitað til hvers er ætlast af þeim. Friðrik Þór og Aðalsteinn taka sérstaklega fram að til að hægt sé að breyta reglunum verði samstaða að ríkja innan stéttarinnar. Þeir sem eiga að vinna eftir siðareglum verði að viðurkenna gildi þeirra. Þá er Aðalsteinn ánægður með að hann geti, sem félagsmaður Blaðamannafélagsins, haft áhrif á siðareglurnar enda geti hann það ekki í tilfelli siðareglna Ríkisútvarpsins þar sem hann starfar.

Bára Huld Beck (2018) skrifar að hugsanlega sé aðalatriði í umræðunni að með aukinni samstöðu innan stéttarinnar væri hægt að auka virðingu almennings, sem og blaðamannanna sjálfra, fyrir siðareglunum. Hún telur fjölmiðla vera eina af burðarstólpum lýðræðislegrar umræðu sem eiga að veita stjórnvöldum aðhald. Þá eiga fjölmiðlar að upplýsa um ýmis mál og rýna dýpra í það sem skiptir máli fyrir samfélagið. Blaðamenn vinna undir álagi og ekkert pláss er fyrir mistök, sérstaklega á vefmiðlum þar sem hraðinn er mikill og samkeppnin um smellina er hörð. Þannig er ábyrgð blaðamanna mikil á sama tíma og þeir eiga að vinna starf sitt hratt og af heilindum. Ef siðareglur eiga að hjálpa í slíkum aðstæðum verður að ríkja samstaða innan stéttarinnar um þær, notkun þeirra og eftirfylgni. Með ötulli beitingu siðareglna geta fagleg vinnubrögð orðið almennari (Bára Huld Beck, 2018, bls. 171-173). Þá hefur Sigurður Kristinsson (1991) bent á að skráðar siðareglur geti aukið samheldni innan fagstétta. En félagsmenn verði að vera tilbúnir að ræða og breyta siðareglum sínum í takt við reynslu og breytta tíma. Enda geri siðareglur alla félagsmenn ábyrga í störfum sínum og er sameign þeirra.

Til þess að svara rannsóknarspurningunni, *gagnast siðareglur Blaðamannafélags Íslands þeim sem eiga að fara eftir þeim*, þarf að draga saman ólíka punkta. Siðareglur fagfélaga eru oft einfaldari og skýrari en siðareglur fyrirtækja líkt og siðareglur Ríkisútvarpsins bera vott um. Siðareglur fagfélags bandarískra blaðamanna, *Society of Professional Journalists*, eru þó gríðarlega ítarlegar og í raun leiðbeiningar um það hvernig blaðamenn eigi að sinna störfum sínum. Alþjóðlega blaðamannasambandið sýnir í verki að siðareglur eigi að vera einfaldar og

leggja áherslu á virðingu blaðamanna fyrir sannleikanum og starfi sínu. Starfandi blaðamenn eiga að geta haft áhrif á siðareglurnar sem þeir starfa eftir eins og komið hefur fram. Blaðamenn eiga að hafa frelsi til að tjá eigin skoðanir á samfélagsmiðlum sínum án þess að vera refsað fyrir það af vinnuveitanda, vitandi þó að þeir gætu verið að rýra eigið traust. Það samþykkja siðareglur Blaðamannafélagsins en ekki siðareglur Ríkisútvarpsins. Þá er ekki sama hvort fagmennska sé skilgreind út frá faginu eða starfinu enda fara hagsmunir fjölmiðla sem fyrirtækja ekki endilega saman við leit blaðamanna að sannleikanum. Starfandi blaðamenn verði kannski að finna köllun sína í starfinu og sinna því af heilindum, þó á nógu skemmtilegan hátt til að geta fengið borgað fyrir það. Þá mega fjölmiðlar ekki gleyma hlutverki sínu sem *fjórða valdið*, það er að segja aðhaldshlutverk þeirra við valdhafa í samfélaginu.

Það er því mat rannsakanda að siðareglur Blaðamannafélags Íslands gagnist vel svo framarlega sem félagsmenn eru sammála um gildi þeirra. Á meðan að deilur eru um breytingar geti reglurnar ekki sinnt því hlutverki sem þeim er ætlað. Siðareglur eiga að vera sameign fagfélags blaðamanna og auka á traust almennings á störfum þeirra. Eftir samtöl við þátttakendur rannsóknarinnar virðist sem það skorti samstöðu innan blaðamannastéttarinnar. Í ljósi þess virðist ekki skipta öllu máli hvað reglurnar segja til um ef um þær skortir samstöðu innan blaðamannastéttarinnar.

Heimildir

About SPJ. (e.d.). *Society of Professional Journalists*. Sótt af <https://www.spj.org/aboutspj.asp>

Aims, Objectives and Activities. (e.d.). *Ethical Journalism Network*. Sótt af <https://ethicaljournalismnetwork.org/who-we-are/aims-objectives-activities>

Anna Marsibil Clausen og Davíð Roach Gunnarsson. (2020, 3. september). Segja ákvæði siðareglna RÚV ekki standast stjórnarskrá. *Rúv.is*. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/2020/09/03/segja-akvaedi-sidareglna-ruv-ekki-standast-stjornarskra>

Bára Huld Beck. (2018). Vangaveltur um siðareglur blaðamanna. Í Auður Jónsdóttir, Bára Huld Beck og Steinunn Stefánsdóttir (ritstjórar). *Þjáningarfrelsið* (bls. 171-173). Reykjavík: Mál og menning.

Birgir Guðmundsson og Sigurður Kristinsson. (2019). Journalistic professionalism in Iceland: a framework for analysis and an assessment, *Journalism*, 20(12), 1684-1703. Doi: 10.1177/1464884917695416

Evetts, J. (2006). The sociology of professional groups: New directions. *Current Sociology*, 54(1), 133-143.

Evetts, J. (2011). A new professionalism? Challenges and opportunities. *Current Sociology*, 59(4), 406-422.

Friðrik Þór Guðmundsson. (2006). *Vinnubrögð, siðareglur og vandamál blaða- og fréttamanna á Íslandi* (meistararitgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/20168>

Friðrik Þór Guðmundsson. (2015). Siðareglur blaðamanna 50 ára. *Blaðamaðurinn*, 37(2), 4-12. Sótt af <https://www.press.is/static/files/bladamadurinn/bladamadur-desember-2015.pdf>

Law, T. (2016, 1. maí). Solidarity and Self-regulation Vital for Independent Journalism in Europe. *Ethical Journalism Network*. Sótt af

<https://ethicaljournalismnetwork.org/solidarity-and-self-regulation-vital-for-independent-journalism-in-europe>

Lög um fjölmiðla nr. 38/2011

Markús Þ. Þórhallsson. (2021, 26. mars). Ummæli Helga Seljan brot á siðareglum en önnur ekki. *Rúv.is*. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/2021/03/26/ummaeli-helga-seljan-brot-a-sidareglum-en-onnur-ekki?term=helgi%20seljan&rtype=news&slot=5>

Milla Ósk Magnúsdóttir. (2019). *Siðareglur fjölmiðla. Virkt eftirlitsúrræði með fjölmiðlum?* (Meistararitgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/32179>

Siðareglur Blaðamannafélags Íslands. (e.d.). *Press.is*. Sótt af <https://www.press.is/is/faglegt/sidavefur/sidareglur-bi>

Siðareglur Ríkisútvarpsins. (e.d.). *Rúv.is*. Sótt af <https://www.ruv.is/sites/default/files/sidareglurruv1.pdf>

Sigurður Kristinsson. (1991). *Siðareglur. Greining á siðareglum ásamt skráðum siðareglum starfsgreina á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði, Háskóli Íslands.

Sigríður Halldórsdóttir. (2016). Fyrirbærafræði sem rannsóknaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 281-297). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

SPJ code of ethics. (e.d.). *Society of Professional Journalists*. Sótt af <https://www.spj.org/ethicscode.asp>

Steindór Grétar Jónsson. (2021, 26. mars). Siðanefnd RÚV úrskurðar Helga Seljan brotlegan vegna svara til Samherja. *Stundin.is*. Sótt af <https://stundin.is/grein/13147/ummaeli-helga-seljan-um-samherja-talin-alvarlegt-brot/>

Storm, H. (2020, 11. nóvember). Why talk of ethical journalism has to be about newsroom cultures as well as content. *Ethical Journalism Network*. Sótt af <https://ethicaljournalismnetwork.org/why-talk-of-ethical-journalism-has-to-be-about-newsroom-cultures-as-well-as-content>

The 5 principles of ethical journalism. (e.d.). *Ethical Journalism Network*. Sótt af <https://ethicaljournalismnetwork.org/who-we-are/5-principles-of-journalism>

Witschge, T. og Nygren, G.. (2009). Journalism: A Profession Under Pressure? *Journal of Media Business Studies*, 6(1), 37-59.

Þorsteinn Gylfason. (2004). Spjall um siðareglur og siðanefnd blaðamanna. *Blaðamaðurinn*, 26(4), 4-9. Sótt af <https://www.press.is/static/files/bladamadurinn/2004sept.pdf>

Viðaukar

Viðauki 1 – Núgildandi siðareglur Blaðamannafélags Íslands (1991)

1. grein

Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á starfi blaðamanns eða skert hagsmuni stéttarinnar. Blaðamaður skal jafnan sýna drengskap í skiptum sínum við starfsfélaga.

2. grein

Blaðamanni er ljós persónuleg ábyrgð á öllu sem hann skrifar. Hann hefur í huga að almennt er litið á hann sem blaðamann þó að hann komi fram utan síns eiginlega starfssviðs, í riti eða ræðu. Blaðamaður virðir nauðsynlegan trúnað við heimildarmenn sína.

3. grein

Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.

4. grein

Það telst mjög alvarlegt brot þiggi blaðamaður mútur eða hafi í hótunum vegna birtingar efnis. Blaðamenn skulu hafa ríkt í huga hvenær almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill krefst nafnbirtingar. Í frásögnum af dómsog refsimálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

5. grein

Blaðamaður varast að lenda í hagsmunaágreiningi, til dæmis með því að flytja fréttir eða frásagnir af fyrirtækjum eða hagsmunasamtökum þar sem hann á sjálfur aðild. Hann skal fyrst og síðast gæta hagsmuna lesenda og sóma blaðamannastéttarinnar í hverju því sem hann tekur

sér fyrir hendur í nafni starfs síns. Blaðamaður hefur í skrifum sínum sannfæringu sína að leiðarljósi. Hann gætir þess að rugla ekki saman ritstjórnarlegu efni, sem hefur augljóst upplýsinga- og fræðslugildi, og auglýsingum í myndum og/eða máli. Siðareglur þessar setja ekki hömlur á tjáningafrelsi blaðamanna sem skrifa undir fullu nafni afmarkaða þætti í fjölmiðlum, til dæmis gagnrýni, þar sem persónulegar skoðanir höfundar eru í fyrirrúmi.

6. grein

Hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið framangreindar reglur og á hagsmuna að gæta, getur kært ætlað brot til Siðanefndar BÍ innan 2ja mánaða frá birtingu enda sé mál vegna birtingarinnar ekki rekið fyrir almennum dómstólum á sama tíma. Áður skal hann þó leita leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Þó getur Siðanefnd úrskurðað um undanþágur frá leiðréttingarkröfum vegna annarra aðstæðna. Siðanefndin tekur kærana fyrir á fundi innan viku og kveður upp rökstuddan úrskurð svo fljótt sem kostur er. Taki Siðanefnd kærsmål til efnislegrar athugunar skal hún kanna heildarumfjöllun um málið í hinum kærða fjölmiðli. Kærða skal gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiði sínu.

Siðanefnd greinir brot í flokka eftir eðli þeirra:

- a) ámælisvert
- b) alvarlegt
- c) mjög alvarlegt

Úrskurði Siðanefndar verður ekki áfrýjað. Úrskurð Siðanefndar ásamt rökstuðningi skal birta í heild í Félagstíðindum BÍ svo fljótt sem verða má. Úrskurð Siðanefndar skal senda viðkomandi fjölmiðli við fyrsta hentugleika og með ósk um birtingu ef um brot samkv. skilgreiningu b) og c) er að ræða. Þremur dögum seinna skal senda úrskurðinn öðrum fjölmiðlum. Meginniðurstaða nefndarinnar skal birt orðrétt. Við framsetningu fréttar af úrskurðum Siðanefndar sýna blaðamenn alla þá aðgát sem reglur þessar ætlast til. sbr. 1. og 2. grein að framan.

Nú telur stjórn BÍ að gengnum úrskurði Siðanefndar að brot sé svo alvarlegt að frekari ráðstafana sé þörf og getur hún þá borið undir félagsfund tillögu um vitar á viðkomandi blaðamann enda sé þeirrar ætlunar getið í fundarboði. Nú bera ummæli ekki með sér hver sé höfundur þeirra eða viðkomandi blaðamaður er utan BÍ og gengur þá úrskurður svo sem ritstjóri og/eða ábyrgðarmaður eigi beina aðild að. Þótt enginn þessara aðila sé í BÍ getur Siðanefnd allt að einu lagt fram rökstutt álit um kæruefni.

Viðauki 2 – tillögur fyrri endurskoðunarnefndar (2005)

1. grein - *Frumskyldur*

Tjáningarfrelsið og miðlun upplýsinga til almennings eru grundvallarforsendur lýðræðislegra samfélagshátta. Það er hlutverk og skylda fagstéttar blaðamanna að segja frá mikilvægum málum og öllu því er varðar almannaheill. Blaðamaður hefur í skrifum sínum sannfæringu sína að leiðarljósi. Hann skal fyrst og síðast gæta hagsmuna lesenda og sóma blaðamannastéttarinnar í hverju því sem hann tekur sér fyrir hendur í nafni starfs síns. Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir fagstétt hans, hlutverk stéttarinnar og þau gildi sem hún stendur fyrir. Blaðamaður skal jafnan sýna drengskap í störfum sínum og skiptum við starfsfélaga.

2. grein - *Persónuleg ábyrgð*

Blaðamanni er ljós persónuleg ábyrgð á öllu sem hann setur fram. Hann vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og byggir frásögn sína á staðreyndum og upplýsingum sem hann veit hvaðan eru komnar. Blaðamaður falsar ekki gögn, né dregur undan mikilsverðar upplýsingar og hann dregur ekki ályktanir umfram það sem forsendur gefa tilefni til. Blaðamenn leitast við að leiðrétta það hafi þeir birt upplýsingar sem eru rangar eða skaðlega ónákvæmar.

3. grein - *Trúnaður*

Trúnaður blaðamanna er við lesendur og almenning. Trúnaðartraust milli blaðamanns og heimildarmanns er einn af hornsteinum tjáningarfrelsisins og blaðamaður virðir trúnað við heimildarmenn sína.

4. grein - *Tillitssemi*

Blaðamaður sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óparfa sársauka eða vanvirðu.

Blaðamenn skulu hafa hliðsjón af því í viðkvæmum og vandasömum málum hvort almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill krefst nafn- og/eða myndbirtingar. Sérstök aðgát skal höfð í umfjöllun um málefni barna, sjúklinga og annarra sambærilegra hópa. Í frásögnum af dóms- og refsimálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

5. grein - *Samfélagsleg ábyrgð*

Blaðamaður gerir sér grein fyrir áhrifavaldi fjölmiðla og mikilvægu lýðræðislegu hlutverki sínu. Hann reynir því að draga úr hættunni á að fyrir tilverknað fjölmiðla aukist mismunun á grundvelli kynþáttar, kyns, kynhneigðar, tungumáls, trúarskoðana eða sannfæringar.

6. grein - *Heiðarleiki*

Blaðamaður varast að lenda í hagsmunaágreiningi, til dæmis með því að flytja fréttir eða frásagnir af fyrirtækjum eða hagsmunasamtökum þar sem hann tengist. Það telst mjög alvarlegt brot þiggi blaðamaður mútur eða hafi í hótunum vegna birtingar efnis eða ef hann verður uppvís að ritstuldi, grófri mistúlkun, rógmælgri eða tilhæfulausum ásökunum.

Blaðamaður gætir þess að rugla ekki saman ritstjórnarlegu efni, sem hefur augljóst upplýsinga- og fræðslugildi annars vegar og auglýsingum eða öðrum sérhagsmunum í myndum og/eða máli hins vegar.

7. grein - *Viðbrögð við broti á siðareglum*

Hver sá sem telur að blaðamaður haf brotið framangreindar reglur og á hagsmuna að gæta, getur kært ætlað brot til Siðanefndar BÍ innan 2ja mánaða frá birtingu enda sé mál vegna birtingarinnar ekki rekið fyrir almennum dómstólum á sama tíma.

Áður skal hann þó leita leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Þó getur Siðanefnd úrskurðað um undanþágur frá leiðréttingarkröfum vegna annarra aðstæðna.

Siðanefndin tekur kærana fyrir á fundi innan viku og kveður upp rökstuddan úrskurð svo fljótt sem kostur er.

Taki Siðanefnd kærumál til efnislegrar athugunar skal hún kanna heildarumfjöllun um málið í hinum kærða fjölmiðli. Kærða skal gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiði sínu. Annað í þessari grein eins og í núverandi 6. grein, t.d. flokkun brota.

Viðauki 3 – tillögur seinni endurskoðunarnefndar (2012)

1.grein – Frumskyldur

a. Tjáningarfrelsið og miðlun upplýsinga til almennings eru grundvallarforsendur lýðræðislegra samfélagshátta. Það er hlutverk og skylda fagstéttar blaðamanna að segja frá mikilvægum málum og öllu því er varðar almannahagsmuni.

b. Blaðamaður hefur í skrifum sínum sannleikann að leiðarljósi.

c. Blaðamaður skal fyrst og síðast gæta hagsmuna lesenda og sóma blaðamannastéttarinnar í hverju því sem hann tekur sér fyrir hendur í nafni starfs síns. Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir fagstétt hans, hlutverk stéttarinnar og þau gildi sem hún stendur fyrir. Blaðamaður skal jafnan sýna heiðarleika í störfum sínum og skiptum við starfsfélaga.

2.grein - Persónuleg ábyrgð

a. Blaðamanni er ljós persónuleg ábyrgð á öllu sem hann setur fram. Hann vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og byggir frásögn sína á staðreyndum og upplýsingum sem hann veit hvaðan eru komnar.

b. Blaðamaður falsar ekki gögn, né dregur undan mikilsverðar upplýsingar og hann dregur ekki ályktanir umfram það sem forsendur gefa tilefni til.

c. Blaðamaður villir ekki á sér heimildir eða beitir óhefðbundnum aðferðum við fréttáöflun, svo sem földum myndavélum og/eða hlerunarbúnaði nema mikilvægra upplýsinga er varða hagsmuni almennings verði ekki aflað með öðrum hætti. Í slíkum tilvikum þarf að liggja fyrir hvert markmið upplýsingaöflunarinnar er.

d. Blaðamaður fer fram af varúð og gagnrýni í efnisöflun og heimildavinnu einkum ef upplýsingarnar sem aflað er tengjast hagsmunum heimildarmanns á einhvern hátt. Staðreyndir ber að skoða af eins mikilli nákvæmni og mögulegt er í ljósi kringumstæðna, jafnvel þótt þær hafi áður birst annarsstaðar.

e. Blaðamanni verður ekki gert að vinna verkefni sem stangast á við sannfæringu hans eða samvisku eða teljast niðurlægjandi.

f. Blaðamaður leitast við að leiðrétta við fyrsta tækifæri hafi hann birt upplýsingar sem eru rangar eða skaðlega ónákvæmar.

3.grein – Trúnaður

a. Trúnaður blaðamanna er við lesendur og almenning og það er almenn regla að gera lesendum grein fyrir hvaðan upplýsingar koma.

b. Trúnaðartraust milli blaðamanns og heimildarmanns er einn af hornsteinum tjáningarfrelsisins og blaðamaður virðir alltaf trúnað við heimildarmenn sína.

4. grein – Tillitssemi

a. Blaðamaður sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu. Sérstakrar tillitssemi þarf að gæta gagnvart fólki sem ætla má að geri sér ekki grein fyrir hvað áhrif ummæli þess kunni að hafa, svo sem fólk sem er í uppnámi, hefur orðið fyrir áfalli eða lent í slysi.

b. Blaðamaður skal hafa hliðsjón af því í viðkvæmum og vandasömum málum hvort almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill krefst nafn- og/eða myndbirtingar.

c. Sérstök aðgát skal höfð í umfjöllun um málefni barna, sjúklinga og annarra sambærilegra hópa. Upplýsingar um sakborninga í sérlega alvarlegum afbrotamálum, sérstaklega kynferðisbrota- og sifjaspellsmálum, ætti ekki að birta, ef það getur orðið til þess að kennsl verði borin á fórnarlömb þeirra.

d. Í frásögnum af dóms- og refsimálum skal blaðamaður virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

5.grein - Samfélagsleg ábyrgð

a. Blaðamaður skal standa vörð um tjáningarfrelsið, frelsi fjölmiðla og um aðgengi að opinberum gögnum. Hann lætur ekki undan þrýstingi frá neinum þeim sem vilja hindra opin skoðanaskipti og frjálst flæði upplýsinga. Honum ber að standa vörð um einstaklinga og hópa gegn ranglæti eða vanrækslu af hálfu opinberra yfirvalda eða stofnana, einkaaðila eða annarra sem teljast vera í valdaaðstöðu.

b. Blaðamaður gerir sér grein fyrir áhrifavaldi fjölmiðla og mikilvægu lýðræðislegu hlutverki sínu. Hann reynir því að draga úr hættunni á að fyrir tilverknað fjölmiðla aukist fordómar og mismunun á grundvelli þjóðernis, kynþáttar, kyns, kynhneigðar, tungumáls, trúarskoðana eða sannfæringar.

6. grein – Heiðarleiki

a. Blaðamaður varast að lenda í hagsmunaágreiningi, til dæmis með því að flytja fréttir eða frásagnir af fyrirtækjum eða hagsmunasamtökum sem hann tengist.

b. Blaðamaður hagnýtir sér ekki í eigin þágu fjárhagslegar upplýsingar sem hann öðlast fyrir birtingu þeirra, svo sem um afkomu fyrirtækja sem eru á verðbréfamarkaði.

c. Þiggi blaðamaður mútur eða hafi í hótunum vegna birtingar efnis telst það mjög alvarlegt brot, sem og ef hann verður uppvís að ritstuldi, grófri mistúlkun, rógmælgí eða tilhæfulausum ásökunum.

d. Tekið skal fram og merkt á skýran hátt þegar um samsettar myndir er að ræða eða myndir átt hefur verið umtalsvert við með rafrænum hætti.

e. Blaðamaður gætir þess að rugla ekki saman ritstjórnarlegu efni, sem hefur augljóst upplýsinga- og fræðslugildi annars vegar og auglýsingum eða öðrum sérhagsmunum í myndum og/eða máli hins vegar.

7. grein - Viðbrögð við broti á siðareglum.

Hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið framangreindar reglur og á hagsmuna að gæta, getur kært ætlað brot til Siðanefndar BÍ innan tveggja mánaða frá birtingu enda sé mál vegna birtingarinnar ekki rekið fyrir almennum dómstólum á sama tíma. Áður skal hann þó leita leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Þó getur Siðanefnd úrskurðað um undanþágur frá leiðréttingarkröfum vegna annarra aðstæðna.

Siðanefndin tekur kærana fyrir á fundi innan viku og kveður upp rökstuddan úrskurð svo fljótt sem kostur er.

Taki Siðanefnd kærsmål til efnislegrar athugunar skal hún kanna heildarumfjöllun um málið í hinum kærða fjölmiðli. Kærða skal gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiði sínu.

Siðanefnd greinir brot í flokka eftir eðli þeirra:

a) ámælisvert

b) alvarlegt

c) mjög alvarlegt

Úrskurði Siðanefndar verður ekki áfrýjað. Úrskurð Siðanefndar ásamt rökstuðningi skal birta í heild á vef BÍ svo fljótt sem verða má. Úrskurð Siðanefndar skal senda viðkomandi fjölmiðli við

fyrsta hentugleika og með ósk um birtingu ef um brot samkv. skilgreiningu b) og c) er að ræða. Þremur dögum seinna skal senda úrskurðinn öðrum fjölmiðlum.

Meginniðurstaða nefndarinnar skal birt orðrétt. Við framsetningu fréttu af úrskurðum Siðanefndar sýna blaðamenn alla þá aðgát sem reglur þessar ætlast til. sbr. 1. og 2. grein að framan.

Nú telur stjórn BÍ að gengnum úrskurði Siðanefndar að brot sé svo alvarlegt að frekari ráðstafana sé þörf og getur hún þá borið undir félagsfund tillögu um vitar á viðkomandi blaðamann enda sé þeirrar ætlunar getið í fundarboði.

Nú bera ummæli ekki með sér hver sé höfundur þeirra eða viðkomandi blaðamaður er utan BÍ og gengur þá úrskurður svo sem ritstjóri og/eða ábyrgðarmaður eigi beina aðild að. Þótt enginn þessara aðila sé í BÍ getur Siðanefnd allt að einu lagt fram rökstutt álit um kæruefni.

Viðauki 4 – tillögur hóps þrjátíu og eins blaðamanns (2012)

Tillögur hópsins sem samanstóð af þrjátíu og einum blaðamanni voru svo hljóðandi:

1. grein

Blaðamaður hefur sannleikann að leiðarljósi og leitast við að koma upplýsingum á framfæri óbrengruðum.

2. grein

Blaðamaður veitir valdhöfum aðhald með upplýsingagjöf og gagnrýnum spurningum. Hann er engum háður í sínu starfi nema almenningi.

3. grein

Trúnaðartraust milli blaðamanns og heimildarmanns er einn af hornsteinum tjáningarfrelsisins og blaðamaður virðir trúnað við heimildarmenn sína.

4. grein

Það telst mjög alvarlegt brot þiggi blaðamaður mútur eða hafi í hótunum vegna birtingar efnis eða ef hann verður uppvís að ritstuldi, grófri mistúlkun, rógmælggi eða tilhæfulausum ásökunum.

5. grein

Blaðamaður varast að lenda í hagsmunaágreiningi, til dæmis með því að flytja fréttir eða frásagnir af fyrirtækjum eða hagsmunasamtökum þar sem hann á sjálfur aðild.

6. grein

Blaðamaður gætir þess að blanda ekki saman ritstjórnarlegu efni og auglýsingum í myndum og/eða máli.

7. grein

Siðareglur þessar setja ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna sem skrifa undir fullu nafni afmarkaða þætti í fjölmiðlum, til dæmis gagnrýni, þar sem persónulegar skoðanir höfundar eru í fyrirrúmi.

8. grein

Hver sá sem telur að blaðamaður haf brotið framangreindar reglur og á hagsmuna að gæta, getur kært ætlað brot til Siðanefndar BÍ innan 2ja mánaða frá birtingu enda sé mál vegna birtingarinnar ekki rekið fyrir almennum dómstólum á sama tíma. Áður skal hann þó leita leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Þó getur Siðanefnd úrskurðað um undanþágur frá leiðréttingarkröfum vegna annarra aðstæðna. Siðanefndin tekur kærana fyrir á fundi innan viku og kveður upp rökstuddan úrskurð svo fljótt sem kostur er. Taki Siðanefnd kærsmål til efnislegrar athugunar skal hún kanna heildarumfjöllun um málið í hinum kærða fjölmiðli. Kærða skal gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiði sínu.

Nánar um störf siðanefndar: Siðanefnd greinir brot í flokka eftir eðli þeirra:

- a) ámælisvert
- b) alvarlegt
- c) mjög alvarlegt

Úrskurði Siðanefndar verður ekki áfrýjað. Úrskurð Siðanefndar ásamt rökstuðningi skal birta í heild í Félagstíðindum BÍ svo fljótt sem verða má. Úrskurð Siðanefndar skal senda viðkomandi fjölmiðli við fyrsta hentugleika og með ósk um birtingu ef um brot samkv. skilgreiningu b) og c) er að ræða. Þremur dögum seinna skal senda úrskurðinn öðrum fjölmiðlum. Meginniðurstaða nefndarinnar skal birt orðrétt.

Við framsetningu fréttar af úrskurðum Siðanefndar sýna blaðamenn alla þá aðgát sem reglur þessar ætlast til.

Nú telur stjórn BÍ að gengnum úrskurði Siðanefndar að brot sé svo alvarlegt að frekari ráðstafana sé þörf og getur hún þá borið undir félagsfund tillögu um vítur á viðkomandi blaðamann enda sé þeirrar ætlunar getið í fundarboði.

Nú bera ummæli ekki með sér hver sé höfundur þeirra eða viðkomandi blaðamaður er utan BÍ og gengur þá úrskurður svo sem ritstjóri og/eða ábyrgðarmaður eigi beina aðild að. Þótt enginn þessara aðila sé í BÍ getur Siðanefnd allt að einu lagt fram rökstutt álit um kæruefni.